

Um sleggju- dóma og samsæris- kenningar

Eftir Hrafn Magnússon

Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, skrifar undarlega grein í Morgunblaðinu gær, þar sem hún hefur allt á hornum sér um að lífeyrissjóðirnir hafi keypt skuldabréf Íbúðalánasjóðs af Seðlabanka Íslands sl. vor. Um var að



Hrafn Magnússon

ræða skuldabréf sem ríkissjóður Íslands og Seðlabankinn höfðu þá nýlega eignast í kjölfar bankahrunsins í október 2008.

Í greininni staðhæfir Vigdís að með þessum kaupum sé verið

» Kjörin á þessum skuldabréfum voru mjög góð og langtum betri en bjóðast hér á markaði.

að þjóðnýta erlendar eignir lífeyrissjóðanna og verið sé að koma skuldum einkabankanna yfir á almenning.

Það er alveg á mörkunum að þessi grein Vigdísar sé svaraverð enda byggist hún að mestu á sleggjudómum og samsæriskenningum. Gagnvart almenningi er hins vegar nauðsynlegt að eftirfarandi komi fram:

Kjörin á þessum skuldabréfum voru mjög góð og langtum betri en bjóðast hér á markaði. Þau eru verðtryggð, að jafnaði til níu ára og ávóxtunarkrafan er 7,2%.

Þessi viðskipti munu bæta tryggingafræðilega stöðu íslenska lífeyriskerfisins og stuðla að hærri lífeyrisgreiðslum en annars hefði orðið. Þó lífeyrissjóðirnir hafi þurft að selja tímabundið erlendar eignir sem nam þessari fjárfestingu munu þessi kaup flýta fyrir afnámi gjaldyrishaftanna.

Allt tal Vigdísar um að verið sé að þjóðnýta erlendar eignir er því út í hött. Kaupin eru þvert á móti afar hagstæð og til þess fallin að bæta hag lífeyrisþega sjóðanna.

Höfundur er framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

